



ERINDISBRÉF

Neyðarstjórn Hafnarfjarðarbæjar

Ábyrgðarmaður:

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Hlutverk starfshóps:

Frumskylda Hafnarfjarðarbæjar er að stuðla að öryggi og velferð íbúa. Neyðarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana á hættustundu til að forgangsraða lögbundinni þjónustu og samfélagslega mikilvægri starfsemi. Ásamt því að tryggja almannaheill, lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða og verja grunnstoðir í þjónustu sveitarfélagsins til að halda uppi nauðsynlegri starfsemi. Að öðru leyti helst stjórnskipulag sveitarfélagsins óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi.

Bæjarstjóri er formaður neyðarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar og er hún virkjuð á hættustundu samkvæmt ákvörðun formanns. Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið.

Bæjarstjóri fer ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Fagsvið, stoðsvið, skrifstofur og fyrirtæki sveitarfélagsins bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Bæjarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á hættustundu í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Hafnarfjarðarbæjar starfar samkvæmt viðbragðsáætlunum og ber starfsmaður hennar ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda, fundaritun og úrvinnslu í samráði við bæjarstjóra. Fundargerðir eru samþykktar af neyðarstjórn.

Neyðarstjórn skipa:

- Bæjarstjóri, formaður
- Sviðsstjóri stjórnsýsluvið, staðgengill formanns
- Sviðsstjóri fjármálasviðs
- Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs
- Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusvið
- Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
- Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs
- Hafnarstjóri



Hafnarfjörður

Varamenn:

- Staðgengill sviðsstjóra á fjölskyldu- og barnamálasviði
- Staðgengill sviðsstjóra á mennta- og lýðheilsusviði
- Staðgengill sviðsstjóra á umhverfis- og skipulagssviði
- Mannauðsstjóri

Starfsmaður:

Samskiptastjóri Hafnarfjarðarbæjar

Helstu samstarfsaðilar

Starfsfólk almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins og aðrar neyðarstjórnir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt öðrum stofnunum sem eiga við innan og utan sveitarfélags.

Starfstímabil:

Neyðarstjórn Hafnarfjarðarbæjar starfi á tímabilinu 2022-2026.

Hafnarfjörður, 25. ágúst 2022

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri